



G J A L D S K R Á

fyrir stuðningsþjónustu í Fjarðabyggð

skv. heimild 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lög um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018

Gildir frá 1.1.2024

Þjónustubegar greiða fyrir aðstoð við almenn heimilisstörf, heimsendingu matar og akstur. Snjómokstur er innheimt sérstaklega.

Aðstoð við almenna stuðningsþjónustu

Fullt gjald fyrir almenna stuðningsþjónustu er **1.756 krónur** fyrir hvern unnin tíma. Aldrei er þó innheimt fyrir meira en two tíma á viku og er almenn þjónusta umfram það gjaldfrjáls.

Niðurfelling gjalda fyrir stuðningsþjónustu

Sótt er um niðurfellingu gjalda í íbúagátt Fjarðabyggðar. Umsóknir um niðurfellingu gjalda þarf að endurnýja árlega í gegnum íbúagátt. Skili þjónustubegi ekki inn umsókn og tekjuupplýsingum, greiðir hann fullt gjald. Niðurfelling gjalda gildir ekki fyrir heimsendingu matar eða akstur.

Heimsendur matur

Hver máltíð kostar **1.529 krónur**.

Akstur á vegum heimaþjónustu

Aksturþjónusta innan þess byggðarkjarna sem þjónustunotandi á lögheimili er gjaldfrjáls. Ferðir sem samþykktar eru í þjónustusamningi eða vegna sérfræðiaðstoðar eru greiddar 56 krónur á hvern km.

Fyrir aðrar ferðir utan byggðarkjarnans skal greitt skv. gjaldskrá Ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytis.

Snjómokstur

Snjómokstur er einungis veittur einstaklingum sem:

- Falla undir lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og eða
- Eru eldri einstaklingar og/eða öryrkjar sem hafa nú þegar stuðningsþjónustu inná heimili, geta ekki mokað sjálfir og búa ekki með einstaklingi sem er fær um að moka.

Snjómokstur er aðeins framkvæmdur samkvæmt beiðni félagsþjónustunnar.

Sækja þarf um þjónustuna hjá félagsþjónustunni, umsóknir fara fram í gegn um íbúagáttina.

Þessari þjónustu verður ekki sinnt fyrr en að forgangsmokstri er lokið eða samkvæmt ákvörðun verkstjóra.

Hver snjómokstur kostar 8.775 kr.

Ef að óskað er eftir vélmokstri, kostar 16.875 kr. að stinga út úr bílastæði.

Snjómokstur lýtur sömu reglum um niðurfellingu gjalda og önnur stuðningsþjónusta.





Innheimta

Gjöld eru innheimt mánaðarlega og berast reikningar í heimabanka. Greiðsluseðlar berast ekki heim með pósti nema sérstaklega sé óskað eftir því.

Tekjumark fyrir árið 2024

Við ákvörðun tekjumarka fyrir árið 2024 er miðað við upphæðir bóta almannatrygginga 1. janúar 2024.

Málskot

Heimilt er að skjóta ákvörðun um synjun um niðurfellingu gjalda fyrir stuðningsþjónustu til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík eða www.gev.is. Skal það gert skriflega og innan þriggja mánaða frá því notanda var kunnugt um ákvörðun.

Fjarðabyggð 6. desember 2023

Jóna Arný Þórhildottir
bæjarstjóri

Samþykkt í félagsmálanefnd þann 14. nóvember 2023

Samþykkt í bæjarráði 20. nóvember 2023

Samþykkt í bæjarstjórn 30. nóvember 2023